



**Kveðja frá  
forseta Íslands  
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Skólakór Kársness hefur á glæsilegum ferli hlotið lof og þökk fyrir frábært framlag til tónlistarlífs á Íslandi. Kórinn hefur auðgað menningu okkar og vakið gleði og ánægju á fjölmörgum mannamótum. Það er ætíð eftirvænting í huga viðstaddra þegar kórinn gengur í salinn og stjórnandinn með brosi og kankvísi leiðir lið sitt til söngs.

Með ötulu starfi í aldarfjórðung hefur Skólakór Kársness orðið öðrum fyrirmynd um þann árangur sem hægt er að ná og sýnt á ótvíræðan hátt hvernig þróttmikið æskufólk getur með aga og ástundan beislað hæfileika sína. Kórinn hefur einnig verið ötull merkisberi íslenskrar tónlistar á erlendum vettvangi og hlotið mikið lof fyrir tónleika sína víða um heim.

Skólakór Kársness hefur með söng sínum og framgöngu breytt viðhorfum okkar til skólastarfs og þátttöku æskunnar í listalífi þjóðarinnar. Kórinn er í reynd orðinn sjálfstæð menningarstofnun og lifandi vitnisburður um hið besta sem gert er í menntakerfi Íslendinga.

Ég óska Skólakór Kársness til hamingju á tímamótum og þakka honum og hinum frábæra stjórnanda Þórunni Björnsdóttur fyrir ótalmargar ánægjustundir.

Megi gæfa og sönggleði fylgja ykkur um ókomin ár.

Ólafur Ragnar Grímsson  
(undirskrift)